

<b>Tillaga</b>	A 1956/UKK
<b>Flytjandi</b>	Norræna þekkingar- og menningarnefndin
<b>Afgreiðsla</b>	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## A 1956/UKK Nefndartillaga um norræna nefnd um starfsmenntun

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

Að hún stofni norræna nefnd um starfsmenntun

### Bakgrunnur

Norðurlönd standa frammi fyrir miklum áskorunum á sviði vinnumarkaðsmála vegna þeirra breytinga sem eru að verða á framboði á vinnuafli og starfsfærni með hækkandi aldri í starfsgreinum og fjölgun í hópi ungs fólks sem hvorki hefur menntun né atvinnu. Hvernig geta Norðurlönd, með sínum sameiginlega norræna vinnumarkaði, mætt þessum áskorunum?

Norræna þekkingar- og menningarnefndin og norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin hafa unnið að því að finna leiðir á norrænum vettvangi til að laða fólk frekar að starfsnámi og ryðja úr vegi reglum sem starfsgreinar hafa sett og koma í veg fyrir að faglært fólk geti unnið í öðrum norrænum löndum.

Viðleitni nefndanna skilaði sér í hugveitum vorið 2022, skýrslunni *Spennandi starfsmiðað nám á Norðurlöndum haustið 2022 og málþinginu um leitina að faglærðu starfsfólki á Norðurlöndum sem haldið var í Haparanda og Övertorneå 28.–29. mars 2023*, þar sem stjórnáráðgjafar hittu fulltrúa vinnuveitenda og launafólks, menntastofnana og Norðurlandaráðs æskunnar og sérfræðinga frá norrænum stofnunum og utanaðkomandi stofnunum. Tilgangur málþingsins var að eiga umræður þar sem rýnt væri í þær tillögur að lausnum sem kynntar voru í skýrslunni og gefa tillögur um næstu skref.

*Norræn nefnd um starfsmenntun* Hugmyndin með nefndinni er að hún skuli leiða og samræma innleiðingu nýrra norrænna verkefna á þessu sviði, þar á meðal aðrar tillögur úr skýrslunni. Slík verkefni geta meðal annars verið kortlagning á jafnvægi starfsfærni á Norðurlöndum, þ.e. hvort verið sé að mennta fólk fyrir þær greinar sem eftirspurn er eftir í atvinnulífinu; að greina hvernig starfsmenntun er hagað í norrænu löndunum,



hvernig nýliðun og brotthvarf líta út, hvernig leysa megi ójafnvægi í menntun hvað varðar kyn, hve hratt fólk kemst inn á vinnumarkað að loknu námi, hvernig fjármögnun starfsmenntunar lítur út í samanburði við bóklegt nám og greina eftirspurn eftir símenntun og færniþróun. Slíkar greiningar skapa nauðsynlega þekkingu á því hverjar stærstu áskoranirnar eru og tillögur að lausnum geta nýttst öllum norrænu löndunum. Önnur áskorun sem norræn nefnd gæti skoðað er þörfin á símenntun og færniþróun innan mismunandi starfsgreina.

Á málþinginu ríkti einhugur um að:

- Í nefndinni þurfi að sitja fulltrúar vinnuveitenda, launafólks og menntastofnana.
- Markhópurinn, þ.e. ungmenni, þurfa að eiga fulltrúa, t.d. í vinnuhópum.
- Nefndin þarf að hafa umboð til að taka ákvarðanir.
- Fundadagskrá þarf að vera metnaðarfull með heimsóknnum á staði.
- Nefndin þarf að áætla þörf fyrir fjárfestingar í starfsmenntun.

### Sjónarmið nefndarinnar

Skortur á faglærðu starfsfólki er stór áskorun fyrir norrænu löndin. Mörg fyrirtæki eiga nú þegar erfitt með að ráða menntað starfsfólk. Og áskoranirnar fara vaxandi. Greiningar sýna að norrænu löndin gæti skort mörg hundruð þúsundir faglærðra innan 10–15 ára. Til dæmis mun Danmörk skorta 99.000 faglærða árið 2030<sup>1</sup> og í Svíþjóð má vera að um 290.000 faglærða muni skorta árið 2035 verði ekkert að gert<sup>2</sup>.

Afleiðingarnar verða miklar fyrir samfélög okkar verði þessari þróun ekki snúið við. Skortur á faglærðu starfsfólki mun gera okkur erfiðara fyrir að styðja við græn umskipti, efla sjúkrahús, þróa nýja tækni og fleira. Norðurlönd gætu þannig ekki heldur uppfyllt framtíðarsýn forsætisráðherranna um græn, samkeppnishæf og félagslega sjálfbær Norðurlönd. Til að markmið framtíðarsýnarinnar verði uppfyllt þurfa fyrirtæki og stofnanir einfaldlega að hafa aðgang að réttu vinnuafli.

Minnkandi áhugi á starfsmenntun er vel þekkt vandamál og ýmsum verkefnum hefur verið ætlað að leysa það bæði á landsvísu, svæðisbundið og í sveitarfélögum á Norðurlöndunum. Hins vegar skortir verkefni með lausnum og bestu venjum með samræmingu milli norrænu landanna.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin telur nú tímabært Norðurlöndin taki höndum saman um að leysa þennan vanda. Þörf er á norrænum vettvangi þar sem aðilar á þessu sviði geta átt í uppbyggilegu og skilvirkum samstarfi um þessar áskoranir.

<sup>1</sup> Damm, Emilie Agner; Jensen, Troels Lund; Hansen, Freja Thim: Danmark mangler 99.000 faglærte i 2030 (AE - Arbejderbevægelsens Erhvervsråd, 2021)

<sup>2</sup> Näringsliv: Framtidens yrkesutbildning - Ge branscherna makten (Svenskt Näringsliv, 2022)



Stofna þarf norræna nefnd um starfsmenntun þar sem fulltrúar vinnumarkaðarins, starfsmenntastofnana og ungmennasamtaka hittast undir stjórn Norrænu ráðherranefndarinnar einu sinni eða tvisvar á ári til að ræða hvaða verkefni og greiningar þarf að setja í gang, meðal annars í samræmi við ofangreind dæmi, fylgja eftir verkefnum og miðla þekkingu og reynslu úr landsbundnum verkefnum. Nefndin þarf því að fá úthlutað fjármagni til að geta hafið nauðsynleg verkefni og greiningarvinnu.

Þekkingar- og menningarnefndin telur þessa tillögu geta haft raunverulegt norrænt notagildi. Starfsmenntun er háttáð mismunandi á Norðurlöndum og áskoranirnar eru breytilegar milli landanna. Þess vegna er engin ein lausn til fyrir öll löndin. Það þýðir þó að löndin hafa tækifæri til að læra af bestu venjum hvers annars í tengslum við mismunandi áskoranir.

Nefndin fagnar verkefni Norrænu ráðherranefndarinnar, *Vocational education and training of the present – a joint Nordic initiative 2023–25*, sem varð til í tengslum við samkomulagið við Norðurlandaráð um fjárhagsáætlun. Nefndin telur tillöguna um norræna nefnd um starfsmenntun styðja við þetta verkefni. Nefnd hefði að mati þekkingar- og menningarnefndarinnar aukið vægi og ætti að fá starfsumboð til langs tíma og tækifæri til að skoða fleiri aðgerðir en þær sem tilgreindar eru í verkefninu frá ráðherranefndinni.